



Fjölmenningarstefna
Reykjanesbæjar



FJÖLMENNINGARSTEFNA

Virk þátttaka og gagnkvæm virðing



Hafa skal að leiðarljósi að íbúar Reykjanesbæjar af erlendum uppruna verði virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu og að allir íbúar fái notið fjölbreytts mannlífs og menningar þar sem þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenna samskipti fólks af ólíkum uppruna. Starfsemi Reykjanesbæjar í málefnum fólks af erlendum uppruna skal miða að eftirfarandi:



DRAGA ÚR FORDÓMUM

Vinna skal markvisst gegn fordómum meðal íbúa Reykjanesbæjar með aðferðum sem stuðla að gagnkvæmri aðlögun. Sérstaka áherslu þarf að leggja á fyrirbyggjandi starf, fræðslu um fordóma og fjölmennigarlega kennslu innan stofnana. Skal það m.a. gert með fræðslufundum fyrir starfsmenn og málþingi/ráðstefnu gegn fordómum fyrir almenning í Reykjanesbæ.

AÐGENGI AÐ ÞJÓNUSTU REYKJANESBÆJAR

Reykjanesbær marki sér stefnu sem tekur tillit til fólks af erlendum uppruna og skal sérstaklega huga að túlkajónustu og þýðingu eyðublaða yfir á önnur tungumál. Íbúar Reykjanesbæjar geti sótt grunnupplýsingar á íslensku, ensku og pólsku á vef bæjarins.



HVATNING OG TÆKIFÆRI TIL ÍSLENSKUNÁMS

Íbúum af erlendum uppruna sem vilja læra íslensku skulu sköpuð tækifæri til þess. Vinnuálag, aðstöðuleysi, fátækt, einangrun eða skortur á hæfilegum námsleiðum komi ekki í veg fyrir að þeir geti nýtt sér þessi tækifæri. Haft skal samstarf við menntastofnanir um skipulögð námskeið á kostnað viðkomandi einstaklinga.





NÝTING ÆKINGAR OG MENNTUNAR FÓLKS AF ERLENDUM UPPRUNA

Gengið skal út frá því að íbúar af erlendum uppruna séu bæði neytendur og veitendur í samfélaginu. Unnið skal að því að þeir fái störf við hæfi og sömu tækifæri og aðrir til að miðla til samfélagsins af hæfileikum sínum, reynslu og menntun, þar sem því verður við komið. Skal það gert með eftirfarandi hætti:

- Halda fjölmeningardaga reglulega.
- Gefa út fréttabréf með það að markmiði að kynna réttindi og þjónustu í Reykjanesbæ.
- Leita samstarfs við ýmsa aðila um kynningu á íslensku samfélagi og tækifærum sem bjóðast.
- Efla þátttöku íbúa af erlendum uppruna í menningarstarfi.

MIÐLUN UPPLÝSINGA

Íbúar af erlendum uppruna skulu fá tækifæri til að njóta þess sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Skal það gert með því að safna upplýsingum um réttindi og skyldur á einn stað og miðla á ensku og pólsku.





FJÖLMENNINGARTEYMI BÆJARINS BER ÁBYRGÐ Á
FRAMKVÆMD FJÖLMENNINGARSTEFNUNNAR EFTIR ÞVÍ SEM
FJÁRVEITINGAR HEIMILA HVERJU SINNI

